



Grunnskóli Fjallabyggðar

Námsval vorönn 2025, útskýringar

Val A (tímabilið frá hausti og fram að áramótum, 1 klst á viku)

Prjón, hekl og útsaumur (María Sölva): Bæði fyrir byrjendur og lengra komna, allir fá verkefni við sitt hæfi. Einföld verkefni fyrir þá sem lítið kunna en langar að spreyta sig og byrja frá grunni.

Íþróttaval (Örn Elí): Að nemendur fái að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum, leikjum og fái aukna hreyfingu. Íþróttaval veður að mestu kennt utandyra.

Sögugerð og sköpun (Birgitta): Í þessum áfanga fá nemendur tækifæri til að skapa eigin sögur og hugmyndir. Nemendur læra að semja sögur, söguramma, myndasögur, ruglsögur og fleiri tegundir skemmtilegra frásagna. Þegar sögurnar eru tilbúnar tekur við skapandi ferli þar sem nemendur hanna og móta sögurnar sínar á einstakan hátt, þannig að úr verður lifandi og áþreifanleg afurð. Í áfanganum fá nemendur verkfæri til að láta ímyndunaraflið ráða för og kanna möguleika í sögum og sköpun.

Jóga (Viktoría): Nemendur kynnst hinum ýmsu stöðum og æfingum í jóga þar sem reynir á jafnvægi, liðleika og styrk. Hver tími endar á slökun og hugleiðslu.

Spilaval (Arnheiður): Nemendur mæta í spilasmíðju einu sinni í viku. Nemendur fá að kynnst nokkrum tegundum spila, t.d. samvinnu-, samskipta- og handspilum.

Mælsku- og rökræðufræðsla (Ögmundur): Í þessu vali verður farið í undirbúning fyrir MORFÍS (Mælsku og rökræðukeppni framhaldsskólanna). Kynnt fyrir nemendum fyrirkomulag keppinnar, undirstöðuatriði í rökræðum og rökhugsun.

Þátttaka metin: Nemendur fá metna tómsundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómsunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.

Val B og C (tvö tímabil í hvoru vali fram að áramótum)

Fluguhnýtingar (Arnheiður): Í þessu vali læra nemendur undirstöðuatriði í fluguhnýtingum og þeir hnýta nokkrar gerðir af flugum. Einnig fá þeir að hanna sínar eigin flugur.

Förðun (Anna Lára): Kennsla í grunnatriðum í sambandi við förðun og hvaða mismunandi aðferðir er hægt að nota. Nemendur vinna jafnframt tveir og tveir saman en eins mun kennari sýna förðun á nemanda og hinir fylgjast með. Farið verður yfir hvernig húð er hreinsuð eftir að hafa notað snyrtivörur.

Hugleiðsla (Arnheiður): Í hugleiðslu koma nemendur sér vel fyrir og æfa sig í núvitund og samkennd. Það felur í sér að einbeita sér að augsamlíkum með ásetningi og án þess að dæma. Þjálfun í núvitund getur haft jákvæð áhrif á almenna líðan og dregið úr streitu, kvíða og depurð.

Fljótlegt og einfalt (María Sölva): Búum til holla og bragðgóða rétti, millimál og orkubita, breytum uppskriftum og gerum þær hollari. Lærum að lesa á umbúðir og velja okkur frekar það sem er hollara. Prófum að gera glutenlaust, grænmetis og veganrétti.

Bakstur (María Sölva): Í þessum áfanga ætlum við að baka ýmiss konar kökur og brauð sem nemendur geta tekið með sér heim til að gæða sér á í kaffitímanum.

Fjármálafræðsla (Silla Guðna): Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda svo þeir verði upplýstari og meðvitaðri neytendur. Skoðað verður hvað það kostar að vera unglingur í dag. Einnig verður farið í ýmis hugtök s.s. persónuafslátt, laun, sparnað, stéttarfélag og lífeyrisréttindi. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og verkefnavinnu.

Franska (Sylvie): Franskan er ætluð byrjendum, með áherslu á framburð, undirstöðuatriði í málfræði og að byggja upp orðaforða.

Rafíþróttir (Ögmundur): Farið verður í tölvuverið hjá MTR og settir verða upp tímar eins og eru hjá rafíþróttafélögum. Byrjað verður á 10 mín cardio og svo spilaðir leikir þar sem lögð er áhersla á góða nethegðun, samvinnu og jákvæð samskipti, að vinna og tapa með sæmd og að læra að setja sér mörk í tölvunotkun.

Smíðaval (Kristín): Nemendur læra að smíða einfaldan hluti að eigin vali í samstarfi við kennara. Nemendur koma með hugmynd og útfæra hana með því að skissa upp hlutinn sinn, geta séð fyrir sér hvernig á að vinna hann og skipulagt sig samkvæmt því. Nemendur læra að umgangast vélar, tæki og tól af virðingu og nákvæmni.

Heimavinuaðstoð (Silla Guðna): Nemendur fá aðstoð kennara við að sinna námi sínu. Nýtist vel til að vinna við áætlanir í hinum ýmsu fögum auk þess að sinna heimavinnu.

Skrautskrift (Brynhildur): Nemendur læra undirstöðuatriði í skrautskrift, hvernig mismunandi skrautskrift er skrifuð og læra að nota skrautskriftarpenna. Hentar öllum nemendum.

Fatasaumur/endurnýting fatnaðar (Brynhildur): Nemendur læra um eiginleika saumavélar, þræða og skipta um spólu. Læra á overlock saumavél og hvernig á að þræða og skipta um tvíanna og almennt viðhald. Einnig öðlast nemendur sjálfstraust til að breyta einni flík í eitthvað nýtt t.d aðra flík, tösku, verkefnapoka, veski eða hvaðeina sem þeim dettur í hug.

Píla (Halldór): Valið fer fram í aðstöðu Pílufélags Fjallabyggðar og byrja allir tímar á að ganga þangað. Nemendur læra undirstöðuatriðin við pílukast og þær reglur sem þar gilda. Nemendur læra hvernig stigagjöf í pílu virkar og hvernig hún er reiknuð út. Lögð verður áhersla á góða umgengni, samvinnu og jákvæð samskipti.

Skák (Ögmundur): Valið er bæði fyrir byrjendur í skák og lengra komna. Farið verður yfir mannganginn og grunnatriði í skák og að bæta færni og kunnáttu. Lögð verður áhersla á góða umgengni og jákvæð samskipti.

Skólablað (Birgitta): Í þessum áfanga fá nemendur tækifæri til að skapa og gefa út sitt eigið skólablað frá grunni. Nemendur læra grunnatriði blaðamennsku, ritstjórnar, uppsetningar og hönnunar. Þeir fá verkfæri og leiðsögn í því hvernig skrifa má áhugaverðar greinar, taka viðtöl, safna efni og setja saman heildstætt og spennandi blað. Útkoman verður blað sem endurspeglar áhugasvið nemenda og gefur þeim vettvang til að tjá sig á skapandi og faglegan hátt.

Bókaklúbbur (Birgitta): Í þessum áfanga fá nemendur tækifæri til að kafa djúpt í lestur og umræðu um bækur. Nemendur velja saman bækur til að lesa og hittast reglulega til að ræða efni þeirra, kafla fyrir kafla. Umræðurnar skapa vettvang fyrir skoðanaskipti, túlkningar og dýpri skilning á bókmenntunum, og nemendur fá tækifæri til að deila eigin upplifun og sjónarmiðum með hópnum. Bókaklúbburinn hentar öllum sem vilja njóta lestrar í góðum félagsskap og efla skilning sinn á bókmenntum.

Kvikmyndir og heimspeki (Birgitta): Í þessum áfanga horfa nemendur á kvikmyndir sem fjalla um djúpstæð heimspekileg viðfangsefni og ræða þau í tímum. Markmiðið er að þjálfa gagnrýna hugsun, rökleikni og virka hlustun, ásamt því að virða skoðanir annarra. Nemendur læra að skoða dægurmiðla með gagnrýnum augum og sjá dýpri merkingu í kvikmyndum sem virðast einfaldar í fyrstu.

Tímavélin (Birgitta): Í áfanganum fá nemendur að leika sér með söguna, kanna ólíka atburði og persónur í fortíðinni og velta fyrir sér hvernig sagan hefði getað þróast öðruvísi. Nemendur læra að horfa gagnrýnið á söguleg efni og taka þátt í lifandi umræðum. Kennslustundir eru fjölbreyttar og miða að því að gera tímana bæði skemmtilega og upplýsandi, þar sem áhugasvið nemenda fær að njóta sín.

Ræktin (Örn Elí): Í líkamsræktarvali förum við yfir tæknina í helstu lyftunum: hnébeygju, réttstöðulyftu, bekkpressu o.fl. og vinnum að því að gera einstaklingsmiðuð prógröm fyrir hvern og einn sem miða að markmiðum hvers og eins.

Kerta- og sápugetð (Gyða): Nemendur gera kerti úr kertaafgöngum, með því eru þeir að læra um endurvinnslu og sjálfbærni. Nemendur læra einnig að búa til einfaldar sápur.

Umhverfisnefnd (Kristín): Nemendur sem velja þennan áfanga eru í umhverfisnefnd skólans og er fyrsta verkefnið að stofna nefndina ásamt fulltrúum frá öllum bekkjum. Unnið verður að því að gera skólann að grænfánaskóla með því að taka þátt í verkefninu “skólar og grænni grein”. Þetta val gildir alla önnina. Námsmat er byggt á þáttöku og frammistöðu nemenda í tímum.

Aðstoð í frístund (grunnskólinn): Nemendum gefst kostur á að aðstoða og fylgjast með starfinu í frístund GF þar sem nemendur 1.-4. bekkjar eru við leik og störf. Oft er um að ræða spil, fönður, frjálstan leik og útivist. Nemendur í þessu vali taka rútu til Siglufjarðar og klára daginn þar.

Aðstoð á leikskóla (Leikskálar/Leikhólar): Nemandi mætir í leikskólann þar sem hann fær að kynnst starfi leikskólakennarans. Nemandi hjálpar til við hin ýmsu störf og kynnist venjum og háttum skólans. Valið fer fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði.

Þátttaka metin: Nemendur fá metna tómskundaiðkun utan skóla í stað valgreinar. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómsunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.